



Dagsetning: 10. mars 2023
Málsnúmer: 2303098/3.3

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Ný heimasíða fyrir Fjarðabyggð

Núverandi heimasíða Fjarðabyggðar fór í loftið árið 2014 og hefur síðan þjónað sem upplýsingaveita sveitarfélagsins til íbúa og gesta. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess að Fjarðabyggð eigi öflugra heimasíðu sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til hennar á hverjum tíma. Óhætt er að segja að frá árinu 2014 hafi margt breyst hvort sem horft er til tækni, ásýndar og þeirra krafna sem gerðar eru til opinberra vefja og einnig í umhverfi sveitarfélagsins.

Á síðstu árum hefur orðið aukin krafa um auðvelt aðgengi að upplýsingum, og það efni sem vefir eins og www.fjardabyggd.is búa yfir sé aðgengilegt fyrir þá sem þangað sækja. Með auknu umfangi í þjónustu sveitarfélagsins, og fyrrgreindum kröfum um aðgengi verður það sífellt meira aðkallandi að hefja endurskoðun á heimasíðu sveitarfélagsins og framsetningu efnis á henni.

Megin markmiðið með nýjum verður að horft verði til þess að að einfalda viðmót frá því sem nú er og gera það notendavænna. Vefurinn verði gerður myndrænni og upplýsingar verði aðgengilegri með öflugri leitarvél. Þá verði horft til þess að með nýrri heimasíðu verði hægt að efla íbúalýðræði og þátttöku íbúa í ákvarðanatöku sveitarfélagsins, og aðgangur að ýmsum þáttum rafrænnar stjórnsýslu verði eflur með það í huga að sá þáttur muni vaxa til framtíðar lítið með aukunni stafrænni umbreytingu. Sérstakt tillit verði tekið til krafna á opinbera vefi og leiðbeiningar sem ríkið hefur gefið út í þeim efnum. Úttektin „Hvað er spunníð í opinbera vefi?“ er höfð til hliðsjónar í þeim efnum, jafnt við hönnun og uppsetningu.

Með þessu mininsblaði er lagt til hafin verði vinna að undirbúningi að nýrri heimasíðu fyrir Fjarðabyggð og verði upplýsingafulltrúa, ásamt forstöðumanni stjórnsýslu- og upplýsingamála falið að hefja þá vinnu. Í upphafi verði horft til þess að skoðaðir verði þeir kostir sem í boði eru við vinnu á slíku verkefni, þarfagreining fari fram innan ólíkra sviða sveitarfélagsins, kostnaður og fjármögnun verðir sérstaklega skoðuð, raunhæf tímalína við framkvæmda verkefnsins verði sett upp og skoðað hvernig það verði best unnið.

Verkefni um uppsetningu á nýjum vef er umfangsmikið og verður það unnið í nánú samráði við ólík svið sveitarfélagsins og bæjarráð upplýst reglulega um stöðu mála.

Haraldur L Haraldsson

Verkefnastjóri upplýsinga- og samskiptamiðlunar



Þórður Vilberg Guðmundsson
Forstöðumaður stjórnsýslu- og upplýsingamála

